

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Wolfgang Pomorin Laxalóni



<b>Dags eftirlits</b>	16.10.2017	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Guðbjörg Stella
<b>Fyrirtæki</b>	Wolfgang Pomorin	<b>Eftirlitsmaður</b>	Soffía Karen
<b>Heimili</b>	Laxalón, Grafarholti	<b>Tegund eftirlits</b>	Framselt eftirlit
<b>Kennitala</b>	0604622599	<b>Flokkur</b>	Fiskeldi
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Wolfgang Pomorin	<b>ÍSAT nr.</b>	0321
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	

### Niðurstaða eftirlits

Ein athugasemd var gerð í eftirlitinu er varðar að starfsleyfið er ekki gefið út af réttum aðila. Þrjú frávík komu fram er varða að viðbragðsáætlun og neyðaráætlun er ekki til staðar, trygging vegna bráðamengunar hafs- og stranda er ekki til staðar og rekstraraðili hefur ekki gert mælingar á losun efna út í umhverfið.

### Umfang eftirlits

Eftirlit þetta var framkvæmt af Matvælastofnun í samræmi við samning þar um sem Umhverfisstofnun og Matvælastofnun hafa gert með hliðsjón af lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Vísað er í meðfylgjandi gátlista.

Frávík frá	Lýsing á frávíki
Gr. 1.4 í samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi.	Rekstraraðili skal geral viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa og neyðaráætlun ef til rekstrarstöðvunar kemur. Viðbragðsáætlun og neyðaráætlun voru ekki til staðar við eftirlit og afrit hefur ekki verið sent til eftirlitsaðila.
16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.	Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, allt að 1 milljón SDR, sbr. ákvæði 16. gr. laga nr. 33/2004.
Gr. 1.4 í samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi.	Rekstraraðili skal starfrækja innra eftirlit með mengandi þáttum starfseminnar þ.m.t. losun efna út í umhverfið. Engar mælingar hafa verið gerðar á losun efna út í frárennsli.

### Athugasemdir

Athugasemd er gerð við að rekstur stöðvarinnar er án gildandi starfsleyfis en það hafði áður verið gefið út af Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur þann 20. sept. 2016. En skv. breytingu á lögum um fiskeldi nr. 71/2008, nr. 49/2014, kemur fram í 4.gr að "Til starfrækslu fiskeldisstöðva þarf starfsleyfi Umhverfisstofnunar og rekstrarleyfi Matvælastofnunar." og leyfi útgefið af heilbrigðiseftirlitinu er því ekki í gildi. Rekstraraðili er að vinna að umsókn um starfsleyfi til Umhverfisstofnunar og hefur fengið sendar uppl. varðandi það.

### Annað

Óskað er eftir nánari upplýsingum um það hvert förgunarferlið sé á þeim úrgangi sem hreinsaður er upp úr settjörnunum árlega skv. því sem fram kemur í gátlista.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta